

111. Stjórnarfundur Kraft.

111. stjórnarfundur KRAFT var haldinn í Messenger 22.apríl 2020 og hófst kl. 17.00

Mætt voru: Auðunn, Aron, Laufey, Þórunn og Gry. Lára sat fundinn.

Inga María boðaði forföll

Þetta gerðist

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. Fjármál.

Farið yfir stöðu fjármála. Aron er kominn með allan aðgang.

3. ASJ.

Aron hefur samband við Örvar og fundar um uppgjörið 2019. Skýra þarf betur skiptingu kostnaðar milli HM/EM í opnum flokki og yngri flokkum. Gert verður upp við Fanneyju sem fyrst og hún fær greiddan allan íþróttalegan kostnað miðað við kostnaðaryfirlitið frá henni eins og samið var um. **Aron** gengur frá því sem fyrst.

4. Einstaklingsstyrkir.

Einstaklingsstyrki 2020 verða greiddir út mánaðarlega samkvæmt samningum.

4. Covid19.

Æfingarbann er í gildi vegna covid – ekki er ljóst hvað tilslakanir eftir 4.maí þýðir fyrir okkar félög. **Laufey** og **Lára** semja erindi til ÍSÍ, útskýrir aðstæður okkar og óskar eftir leiðbeiningar um hvernig við megum æfa innan takmarkanna.

5. Fjarfundur með félögum.

Boðað verður til stöðufundar með fulltrúum félaga þegar ljóst er hvaða reglur gilda um okkar æfingar. Á fundinum gefst líka tækifæri til að ræða mótamál o.a.

6. Fagteymismál.

Áhersla verður lögð á að mynda fagteymi sem býður upp á bráðaðþjónustu læknis/sjúkraþjálfara, aðgang að íþróttasálfræðingi og næringarfræðing. Mótaðar verða reglur um styrk fyrir sjúkraþjálfun og nudd til keppenda í A-hópi. **Þórunn** og **Auðunn** eru með málið.

7. Landsliðsmál.

Auðunn gerði grein fyrir stöðu mála, en landsliðsmenn hafa öll fengið einhver úrræði til æfinga og eru að undirbúa sig. Óvissa ríkir um næstu mót og verður að meta stöðuna dag frá degi. **Auðunn** heldur áfram að fylgjast með mönnum.

8. WEC.

Upplýst var að ekki er búið að blása þetta mót af heldur eru menn að bíða eftir að reglur skýrist um ferðatakmarkanir o.a. Gry fylgist með málið í samráði við EPF og Massa.

9. ÍM í réttstöðu.

111. Stjórnarfundur Kraft.

Þetta er næsta mót á mótaskrá KRAFT og verður allt kapp lagt á að halda mótið.

10. Íðorðasafn.

Stofnun Árna Magnússonar er að leita samstarfs við sérsambönd um orðaforða íþróttarinnar.

Gry tekur málið f.h. KRAFT.

11. Almenningsstengsl.

Mikilvægt er að sambandið sé sýnilegt og haldi tengslum við iðkendur. **Muggi** falið að vinna að því að instagrammið verði enn betur nýtt.

Ekkert fleira gert.

Fundi slitið kl 18.12

Fundarritari Gry Ek